

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK

SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

179. FUNDUR.

179. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 10. febrúar árið 2011 í fundarsal Ráðhússins kl. 15:00. Oddviti setti fund. Mætt undirrituð.

Áður en gengið var til dagskrár óskaði oddviti eftir því að tekinn yrði á dagskrá fundarins 7. liður og var það samþykkt samhljóða.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir byggðarráðs. Formaður byggðarráðs kynnti.

Fundargerð 679. fundar. frá 24. janúar s.l. Fundargerð í 4 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 680. fundar frá 31. janúar s.l. Fundargerð í 6 liðum. Leó Örn Þorleifsson, oddviti lagði fram eftirfarandi bókun við 6. lið. „Sveitarstjórn Húnaþings vestra leggur áherslu á að tillaga um breyttan afgreiðslutíma Bóka- og skjalasafns er sett fram með það metnaðarfulla markmið í huga að efla þann þátt í starfsemi safnsins sem snýr að skjalasafninu m.a. móttöku, skráningu og vistun gagna er skjalasafninu ber lögum samkvæmt að annast með skilgreindum hætti.

Þrátt fyrir ákvörðun um breyttan opnunartíma er mikilvægt að fram komi að eftir sem áður mun opnunartími safnsins vera mjög riflegur sé hann borinn saman við opnunartíma bóka- og skjalasafna í fjölda annarra sveitarfélaga. Ítreka skal að umrædd breyting mun ekki skerða starfshlutfall starfsmanna Bóka- og skjalasafns Húnaþings vestra né möguleika notenda fjarnámsstofu eða nemenda leikskóla og grunnskóla til að nýta þjónustu safnsins.

Samkvæmt upplýsingum frá forstöðumanni Bóka- og skjalasafns Húnaþings vestra liggja ekki fyrir sundurliðaðar upplýsingar um fjölda komugesta á opnunartíma en samkvæmt mati forstöðumanns gætu það verið allt að 4 gestir sem að jafnaði nýta sér þjónustuna fyrir hádegi. Því er ljóst að fullyrðing um mikla nýtingu þjónustu safnsins fyrir hádegi á ekki við rök að styðjast.“

Elín R. Línadal leggur fram eftirfarandi bókun. „Ég stend við fyrri bókun mína um að þjónusta Bóka- og skjalasafnsins sé mikið notuð og með ákvörðuninni sé aðgengi almennings takmarkað.“

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 681. fundar frá 7. febrúar s.l. Fundargerð í 8 liðum. 1.-7. liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum. 8. liður fundargerðarinnar borinn upp sérstaklega. Stefán Böðvarsson lýsti yfir vanhæfi sínu og vék af fundi við afgreiðslu þess dagskrárliðar. 8. liður fundargerðarinnar samþykktur með 6 atkvæðum.

Fundargerðir nefnda.

2. Fundargerð félagsmálaráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 111. fundar félagsmálaráðs frá 26. janúar s.l. Fundargerð í 5 liðum.. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

3. Fundargerð fræðsluráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 118. fundar fræðsluráðs frá 1. febrúar s.l. Fundargerð í 3 liðum.. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

4. Fundargerð landbúnaðarráðs, formaður kynnti.

Fundargerð 100. fundar frá 2. febrúar s.l. Fundargerð í 4 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

5. Fundargerð skipulags-og umhverfisráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 193. fundar frá 3. febrúar s.l. Fundargerð í 3 liðum. 1. liður fundargerðarinnar borin undir atkvæði og samþykktur með 6 atkvæðum. Elín R. Líndal lýsti yfir vanhæfi sínu og vék af fundi við afgreiðslu þess dagskrárliðar. Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum.

6. Fjárhagsáætlun 2012, 2013 og 2014 fyrir sveitarsjóð Húnaþings vestra og fyrirtæki, síðari umræða.

Sveitarstjóri kynnti. Að loknum umræðum var lögð fram svohljóðandi tillaga: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagða fjárhagsáætlun fyrir árin 2012, 2013 og 2014 fyrir sveitarsjóð Húnaþings vestra og fyrirtæki.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 5 atkvæðum.

Leó Örn Þorleifsson lagði fram eftirfarandi bókun:

„Vegna framkominnar bókunar fulltrúa B-lista á síðasta fundi sveitarstjórnar afhendir meirihluti sveitarstjórnar fulltrúum B-lista eintak af stefnuskrá D-lista sjálfstæðismanna og óháðra í Húnaþingi vestra sem fram var lögð fyrir sveitarstjórnarkosningarnar sl. vor. Einnig er fulltrúum B-lista afhent útskrift af bókun meirihluta sveitarstjórnar sem fram var lögð við afgreiðslu fjárhagsáætlunar ársins 2011. Í umræddri stefnuskrá og bókun koma að hluta til fram svör við framlögðum spurningum fulltrúa B-lista. Að öðru leyti eru eftirfarandi svör lögð fram við spurningum B-lista.

1. Er gert ráð fyrir að byggja líkamsræktarsal við Íþróttamiðstöðina ?

Svar: Í fjárhagsáætlun ársins 2011 er gert ráð fyrir að fjármunum sé varið til stækkunar og endurbóta á þreksal íþróttamiðstöðvarinnar auk þess sem fjárframlag er til tækjakaupa. Þær framkvæmdir eru þegar hafnar og því liggur ekki fyrir hvort ástæða sé til enn frekari aðgerða á næstu árum, en væntingar standa til þess að úrbæturnar mæti fyrirliggjandi þörf.

2. Er gert ráð fyrir fjármagni til að byrja á uppbyggingu golfvallar?

Svar: Samkvæmt stefnuskrá D-lista og óháðra stendur vilji meirihluta sveitarstjórnar til þess að styðja við Golfklúbbinn Hvamm um uppbyggingu golfvallar í Kirkjuhvammi en þar sem ekki liggur fyrir fjármögnun af þeirra hálfu til verkefnisins er ekki ráðlegt að ráðast í framkvæmdina að svo stöddu.

3. Er gert ráð fyrir sérmerktum, fjármunum til að leita eftir starfsemi í húsnæði skólans á Laugarbakka?

Svar: Í samræmi við stefnuskrá D-lista og óháðra stendur ekki til að verja fjármunum í það verkefni.

4. Hvaða framkvæmdir eru áætlaðar á tímabilinu?

Svar: Vísað er til stefnuskrár D-lista og óháðra og bókun meirihluta sem lögð var fram við afgreiðslu fjárhagsáætlunar ársins 2011.“

7. Sveitarstjórn Húnaþing vestra samþykkir að næsti reglulegi fundur sveitarstjórnar sem vera átti þann 10. mars verði haldinn fimmtudaginn 3. mars nk.

Fundargerð upplesin og fundi slitið kl: 16:50

Leó Örn Þorleifsson.

Stefán Einar Böðvarsson.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín Jóna Rósinberg.

Ragnar Smári Helgason.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Þorbjörg I. Ásbjarnardóttir.

Elín R. Líndal.